

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 243, 4. sept. 1968, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

1. gr.

10. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Reikningsár síldarútvegsnefndar skal vera frá 1. júlí til 30. júní. Síldarútvegsnefnd skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er. Ber síldarútvegsnefnd að senda sjávarútvegsráðuneytinu afrit af endurskoðuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nefndarinnar, svo og skýrslu framkvæmdastjóra um störf og rekstur á reikningsárinu, ásamt skrá um eignir og skuldir í lok reikningsársins.

Bókhald og ársreikningar nefndarinnar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Að lokinni endurskoðun skulu ársreikningar nefndarinnar, svo og skýrsla framkvæmdastjóra, sendir í afriti til allra þeirra framleiðenda, er afhent hafa síldarútvegsnefnd síld til sölumeðferðar á viðkomandi reikningsári. Sömu gögn skal senda Alþingi, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.

Nú er sölu og útflutningi síldar lokið að fullu fyrir lok reikningsárs, skal þá síldarútvegsnefnd gera reikningsskil síldarreiknings svo fljótt sem verða má og greiða framleiðendum eftirstöðvar andvirðis útfluttrar síldar. Skylt er endurskoðanda, ef þess er óskað, að endurskoða þennan þátt reikningsskila, þó að fullnaðar reikningsskil hafi ekki fram farið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62, 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. apríl 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.